



## STARFSÁÆTLUN SAMTAKA UM SÖGUFERÐAÞJÓNUSTU 2017

Á félagsfundum í Vestmannaeyjum haustið 2015 var samþykkt að stefna að því að halda aðalfund um mánaðamótin mars apríl og halda síðan félagsfund á haustdögum í október eða nóvember. Árið 2017 er árið sem við náum því. Samtökin munu halda stóra alþjóðlega ráðstefnu 23.-27. október í tengslum við Evrópuverkefnið *Follow the Vikings*. Það verður okkar Söguslóðaðing þetta árið og verður að líkindum efnt til félagsfundar í kringum ráðstefnuna. Nokkrir félagsmenn fóru í lok janúar á námsstefnu til Hjaltlandseyja í tengslum við FTV en í haust verður hún hér á landi og rétt að hvetja félagsmenn til þátttöku. Samtökin munu vinna eftir markaðs- og kynningaráætlun að margvíslegum verkefnum 2017. Gert er ráð fyrir að starfsmaður verður í hlutastarfi hjá samtökunum seinni hluta ársins og verði með aðstöðu hjá Íslandsstofu líkt og á síðasta ári.

### Helstu verkefni Samtaka um söguferðapjónustu 2017:

1. **SSF vinnur að fjölgun félagsmanna.** Samtökin eru samstarfsvettvangur sem flestra aðila um land allt sem teljast að hluta eða alfarið vinna að miðlum menningararfs og sögu til ferðamanna. Hluti af þeirri vinnu verði að tryggja söguferðapjónustu aðkomu að stefnumótun og þróunarstarfi í ferðapjónustu á landsvísi. Við endurskipulagningu samtakanna 2015 og 2016 fækkaði heldur og ná þarf þeirri fækkun til baka árið 2017.
2. **SSF vinnur með Íslandsstofu að gerð frekari kynningar á söguferðapjónustu** undir [www.visiticeland.is](http://www.visiticeland.is) (Heritage&Sagas). Hugmyndin er að vefurinn veiti erlendum ferðamönnum innsýn í menningu og sögu þjóðarinnar og upplýsingar um afþreyingu um allt land sem lýtur að menningararfi og sögu.
3. **Nýtt kynningarkort SSF** um söguferðapjónustu verður hannað og prentað fyrir vorið 2017 og tekur við af bæklingum sem samtökin hafa gefið út frá upphafi. Bæði útgáfa þess og dreifing mun kosta minna en bæklinganna.
4. **Vefsíðan [www.sagatrail.is](http://www.sagatrail.is)** er lykillinn að markaðssetningu og kynningu á söguferðapjónustu á Íslandi. Áfram verður unnið að þróun vefsins sem upplýsingavefs og markaðstækis og keyptar netauglýsingar til að auka notkun. Einnig verða Facebook og Instragram notuð til að fá fleiri inn á vefinn. Settar hafa verið inn tillögur um ferðaleiðir á vefinn og vakin verður frekari athygli á þeim.
5. **Sérstakur vefur fyrir innra starf samtakanna** var settur á laggirnar 2015 og verður hann ásamt Facebook síðu notaður til að miðla upplýsingum meðal félagsmanna.
6. **Kannaðar verða leiðir til að auka sýnileika félagsmanna** gegnum Netið og hugað sérstaklega að sýnileika allra aðila SSF á vefnum, s.s. í Googlemaps, Tripadvisor og Wikipediu. Starfsmaður samtakanna hófst handa við að leiðbeina fólki um þetta á síðasta ári og mun taka upp þráðinn aftur í haust.
7. **Erlent samstarf.** SSF er aðili að **DVA (Destination Viking Association)** og hefur Rögnvaldur formaður setið í stjórn þeirra samtaka frá stofnun þeirra. Evrópuverkefnið *Follow the Vikings* er m.a. á ábyrgð DVA. Þá eru SSF einnig aðili að **IMTAL (The International Museum Theatre Alliance)** sem voru

- stofnuð 1990 og hafa það að markmiði að fræða með lifandi miðlun. Situr form. SSF einnig í stjórn þeirra.
8. SSF hefur í **samvinnu við Ferðamálastofu og markaðsstofur landshlutanna** hvatt til þess að **tækifæri í söguferðaþjónustu** verði sérstaklega dregin fram á vinnustofum um allt land. SSF hefur síðustu misserin staðið fyrir slíkum vinnufundum samhliða félagsfundum sínum vítt og breitt um landið. Áfram verður unnið að þessari kortlagningu sem getur m.a. nýst við koma að gerð stefnumótandi stjórnunaráætlana fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta sem er meðal verkefna í Vegvísi í ferðaþjónustu.
  9. **Gæðamálin eru alltaf ofarlega í hugum** félagsmanna SSF. Aðilar SSF verða hvattir sérstaklega til að öðlast **vottun Vakans** sem sögu- og menningarferðaþjónustustaðir, en samtökin unnu með Ferðamálastofu að þróun þeirra viðmiða sem gilda um slíka ferðaþjónustu innan Vakans.
  10. **Markaðssetning erlendis** verður fyrst og fremst með samstarfi við Íslandsstofu, s.s. með því að vekja með markvissum hætti athygli á söguferðaþjónustunni á helstu kaupstefnum sem Íslandsstofa sækir sem og með móttöku blaðamanna og umfjöllun í erlendum miðlum.
  11. Söfnun á efni til markaðssetningar er meðal verkefna ársins sem endranær og þá bæði **myndböndum og ljósmyndum**. Starfsmaður samtakanna hefur þegar flokkað það efni sem til er en nú þarf að afla nýs.
  12. **Follow the Vikings** Evrópuverkefnið sem fór af stað 2015 og stendur til 2019 er fyrirferðamikið í starfi samtakanna. Fjöldi námsstefna er á vegum verkefnisins vítt og breitt um Evrópu og verða félagsmenn SSF hvattir og jafnvel styrktir til að sækja þær. SSF sér um verkhluta sem lýtur að ýmiskonar miðlun, m.a. að ljósmyndun og útgáfu teiknimyndasögu. Samtökin munu standa fyrir námsstefnu haustið 2017 hérlendis og 2018 verður Roadshow verkefnisins hluti af hátíð á Íslandi. Árið 2017 mun því m.a. fara í að skipuleggja eitt og annað varðandi 2017 og 2018 og leita samstarfsaðila.
  13. **Fjárhagur samtakanna** er þokkalegur en nú er gert ráð fyrir 1 m.kr. lægra framlagi en síðustu ár frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti eða 2 m.kr. Því er ljóst að félagsmenn verða að koma öflugir inn með sín framlög en árið 2016 vantaði nokkuð upp á að aðilar legðu til kynningargjald. Vonandi verða menn viljugri til þess með þátttöku í nýju korti um sögusóðir Íslands.

*Skúli Björn Gunnarsson ([skuli@skriduklaustur.is](mailto:skuli@skriduklaustur.is))  
f.h. stjórnar SSF.*